

Ár 2006, mánudaginn 23. október, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr:

S-314/2006:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson ftr.)

gegn

Gunnari Þórbergi Harðarsyni

(Örn Clausen hrl)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 18. maí sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 10. maí 2006 á hendur Gunnari Þórbergi Harðarsyni, kt. 000000-0000, Arnarheiði 9b, Hveragerði, fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Árborgar, með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 5. júlí 2005, siglt kajak á Ölfusá, neðan við veiðihúsið á Fossnesi, án leyfis lögreglustjóra.

Ákærvaldið telur þessa háttsemi varða við 27. gr. lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélagið Árborg nr. 53 frá 12. janúar 2004, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, og krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði mætti við þingfestingu málsins og játaði að hafa siglt kajak á Ölfusá eins og greinir í ákæru en kveðst hafa talið sig vera í fullu leyfi. Hann kvaðst ekki hafa vitað af lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélagið Árborg en ákvæði í vatnalögum heimili fór um vötn. Fór fram munnlegur flutningur í málinu þann 25. september s.l.

Verjandi ákærða krafðist sýknu og að kostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Málsástæður:

Í frumskýrslu lögreglu dagsettri 6. júlí 2005 kemur fram að lögreglan hafi verið kölluð út að kvöldi 5. júlí 2005 að veiðihúsinu við Fossnes, neðan Ölfusárbrúar, þar sem sést hafði til ferða manna á kajökum. Er lögreglan kom á staðinn hafi hún rætt við ákærða sem tjáði henni að ákærði ásamt fleirum hefðu verið þarna á þremur

kajökum frá því klukkan 21.00 um kvöldið. Sagði ákærði að þeir félagar hefðu verið í ánni undanfarin kvöld á svipuðum tíma. Lögreglan ræddi einnig við fleiri aðila sem kváðust hafa fengið vilyrði hjá sýslumanni til þess að sigla á ánni. Ákærða var sent sektarboð frá sýslumanninum á Selfossi og boðið að ganga frá málinu með lögreglustjórásátt og greiðslu kr. 5.000.- í sekt til ríkissjóðs. Var ítrekað reynt að birta ákærða sektarboðið sem ekki tókst.

Niðurstöður:

Enginn ágreiningur er í máli þessu um það hvort ákærði hafi siglt á Ölfusá í umrætt sinn. Hins vegar er ágreiningur um það hvort refsheimild sé til staðar og hvort hún sé gild réttarheimild. Málið var því flutt um lagaákvæði og refsheimild.

Sækjandi byggði mál sitt á því að sveitarfélaginu Árborg sé heimilt að banna umferð á Ölfusá þar sem áin er í eigu og landi Árborgar. Rökin fyrir banninu séu meðal annars þau að bátar kunni að raska veiðirétti auk þess að áin sé straumhörð á köflum og geti því verið varasöm. Segir sækjandi að lögreglusamþykktir fyrir sveitarfélög séu settar með stoð í lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988 og sé refsheimildin í 1. mgr. 6. gr. laganna.

Verjandi ákærða telur að ákvæði vatnalaga nr. 15 frá 1923 gildi um heimild manna til að fara um vötn og vísaði til 115. gr. laganna en þar segir að öllum er rétt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Vísaði verjandi einnig til 1. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem segir að manni skuli ekki refsað nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin. Segir verjandi að lögreglusamþykkt sveitarfélaga geti ekki gengið lengra en lög segja til um og vatnalögin í þessu tilviki heimili ákærða að sigla á bát á Ölfusá.

Í máli þessu er deilt um túlkun laga og gildi ákvæðis lögreglusamþykktar sveitarfélagsins Árborgar nr. 53 frá 12. janúar 2004 um bann við umferð báta á Ölfusá fyrir landi Árborgar.

Í lögum nr. 36 frá 1988 um lögreglusamþykktir segir að sveitarfélög megi setja sér lögreglusamþykkt. Í 3. gr. laganna segir að í lögreglusamþykkt skuli, eftir því sem þurfa þykir, kveða á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem reglu og velsæmi á og við almannaferi, allt sem lýtur að því að draga úr hættu og óþægindum, greiða fyrir umferð og tryggja öryggi fólks, friðun og vernd mannvirkja og opinna svæða, hvernig stuðla má að góðri umgengni og hreinlæti á almannaferi.

Í 27. gr. lögreglusamþykktar fyrir Árborg er umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja bönnuð á Ölfusá frá landamörkum Hraungerðishrepps og Árborgar í austri að Kaldaðaneslandi í vestri nema með leyfi lögreglustjóra. Taka má undir þau sjónarmið ákærvaldsins að ástæða ákvæðisins sé sú staðreynd að Ölfusá sé víða hættuleg yfirferðar vegna mikilla strauma víða í ánni sem séu hættulegir og iðukasts og hylja sem séu varasamir. Því sé nauðsynlegt að takmarka ferðir manna á ánni í þeim tilgangi að draga úr hættu og óþægindum og tryggja öryggi fólks eins og kemur fram í 3. gr. laganna. Lögreglusamþykktin er sett með stoð í lögum nr. 36/1988, staðfest af Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann 12. janúar 2004 og birt í B-deild stjórnartíðinda 30. janúar 2004. Hefur lögreglusamþykktin því fullt lagagildi.

Verjandi ákærða byggði á því að í 115. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 sé öllum heimiluð för um vötn. Eins og ofar kemur fram þá tekur ákvæðið til þeirra vatna sem eru skipgeng. Ölfusá myndi í dag að öllu óbreyttu ekki falla undir það hugtak að vera talin skipgeng þar sem víða eru grynningar og sker enda hefur áin ekki verið notuð til báta- né skipasiglinga á þessu svæði utan tilraunar við siglingu loftpúðaskips svo dóminum sé kunnugt. Ekki hefur verið sýnt fram á að Ölfusá fyrir landi Arborgar geti uppfyllt það skilyrði að vera skipgeng og því falla undir 115. gr. vatnalaga. Verður því að hafna þeirri málsástæðu verjanda að á grundvelli þessa lagaákvæðis hafi ákærða verið heimilt að sigla kajakbát sínum á ánni í umrætt sinn án heimildar lögreglustjóra. Í 11. gr. vatnalaga segir að öllum sé heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag. Af þessu má ætla að tilgangur löggjafans við setningu vatnalaga nr. 15 frá 1923 hafi verið sá að landeigendum, sveitarfélögum eða öðrum hafi verið heimilt að þrengja heimildir um notkun og för manna um vötn og ár. Ákvæði laga nr. 36 frá 1988 um lögreglusamþykktir eru því í samræmi við tilgang vatnalaga.

Ákærði byggir á því að honum hafi ekki verið kunnugt um að lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélagið Árborg hafi bannað honum för um ána. Í viðtölum lögreglu við félagi ákærða kemur fram að þeir hafi talið sig hafa viljrði sýslumanns til að sigla á ánni. Bendir það til að ákærði svo og félagar hans hafi talið sig þurfa leyfi til siglinganna og því ekki alveg grunlausir um réttindaleyfi eða heimild til að sigla á ánni. Þrátt fyrir það að ákærði fullyrði að hann hafi ekki vitað um umrædda lögreglusamþykkt þá firrir það hann ekki sök né ábyrgð á broti sínu.

Er því talið sannað að ákærði braut gegn gildandi lögreglusamþykkt og hefur unnið sér til refsingar og er háttsemi ákærða réttilega færð til refsíákvæða.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr., sbr. 164. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, skal ákærða gert að greiða málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns sem ákvarðast kr. 96.568.- Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts og aksturskostnaðar verjanda. Enginn annar sakarkostnaður hefur hlotist af máli þessu.

Refsing ákærða er ákveðin 5.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í tvo daga.

Gunnar Örn Jónsson flutti málið fyrir hönd ákæruvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, kveður upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna starfsanna dómarans.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gunnar Þórbergur Harðarson, greiði kr. 5.000 í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 2 daga. Ákærði greiði málsvarnarlaun til verjanda síns Arnar Clausen hæstaréttarlögmans,

96.568.- krónur.

Ástríður Grímsdóttir.